



## "Góðir hlutir gerast" Fagvitund í fyrirrúmi

Des. 2010 15.tlb

Kæru formenn

Aðventan er að ganga í garð og við setjum okkur í jólastellingar. Nog er boðið upp á af tónlist og andlegri næringu svo ekki sé minnst á mat.

Ég vek athygli á söfnuninni Schools for Africa sem við stöndum að í samstarfi við UNICEF. Það er kynning á verkefninu í Fréttabréfinu okkar sem er að berast inn um lúgurnar hjá ykkur þessa dagana. Það væri skemmtilegt ef deildirnar eða einstaka systur leggðu eitthvað af mörkum t.d. á jólaufundi til þessa verkefnis.

Ef jólaufundir eru afstaðnir þá bendum við konum að leggja inn á reikning Landssambands DKG, 546-26-2379, kennitala: 491095-2379 og setja UNICEF sem skýringu. Við munum afhenda Unicef fyrstu upphæðina milli jóla og nýjárs. Bið ég ykkur að koma þessu á framfærni við konur í ykkar deildum.



Þegar við lítum um öxl á 35 ára sögu samtaka okkar sjáum við hve konur voru ötular að láta að sér kveða í samfélagsumræðunni á fyrstu árunum. Við ákvádum á framkvæmdaráðsfundinum í haust að sinna þessum málum betur. Við þurfum að rýna í nærumhverfið og skoða hvernig við getum látið rödd okkar heyrast.

Hvet ég ykkur til að íhuga málefni sem þið vilduð taka fyrir og ræða í ykkar deild á nyju ári og deilduð því með okkur á vefsíðum samtakanna og ef til vill á vorþinginu í maí. Sem dæmi má taka, hvernig hefur niðurskurður áhrif á verkefni? Höfum við skoðun á þeim frumvörpum, reglugerðum, námsskráum sem er verið að vinna? Höfum við skoðanir á sameiningu skóla, eða hvernig samfélög bregðast við kreppuni? Geta fræðasetur og menningarstofnanir tengst skólum og myndað einhverskonar fræðslusamfélag. Við ræðum þetta nánar í næsta bréfi.



Evrópuþingið er haldið í byrjun ágúst í sumar, sjá nánar á <http://dkggermany.blogspot.com/>.

Vinsamlega athugið hvort konur vilja bjóða fram erindi og/eða málstofur um einhver málefni. Hvetjið þær endilega til að gefa sig fram. Við þurfum að fá tillögur um það fyrir 10. janúar.

Munið einnig Landssambandsþingið 6.-8.maí.

Fréttanefndinni er þakkað frábært starf. Þetta er glæsilegt fréttabréf.

Látið það liggja frammi á vinnustöðum ykkar.

### Upplýsingar



Gönguhópur í tilefni jólanna mun gönguhópurinn hittast við Hallgrímskirkju í Reykjavík, miðvikudaginn 15.desember kl. 17:30, ganga hrung um bæinn og fá sér heitt sukkulaði saman á eftir í tilefni jólanna.


### Til framkvæmda

Athugið að uppfæra félagalatal á deildarvefsíðum fyrir 10. desember og að félagsjöldum átti á skila til landssambandsgjaldkera fyrir 10. nóvember.

Desember 2010						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

Á döfinni:  
10. des  
15. des  
Eindagar  
10. jan  
20. jan  
30. jan

Janúar 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30



Með systrakeðju,

Ingibjörg Jónasdóttir  
landssambandsforseti DKG

Félagalatal komið rétt inn á deildarvefi  
Gönguhópurinn hittist við Hallgrímskirkju kl. 17:30

Hugmyndir um vinnustofur og innlegg á Evropuþing  
Hugmyndir um vinnustofur og innlegg á Landssambandsþing  
Skila tillögum til uppstillinganefndar